

PLÁNETURNAR EFTIR GUSTAV HOLST

ÆVINTÝRI  
SÓLKERFISINS

— STJÖRNU-SÆVAR & SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS —

VIÐ FÆRUM SÓLKERFIÐ OKKAR INN Í HOF MEÐ GLÆSILEGUM  
FJÖLSKYLDUTÓNLEIKUM ÞAR SEM EINSTAKT SÓNARSPIL, FRÓÐLEIKUR  
OG TÓNLIST LÁTA ENGAN ÓSNORTIÐ!

18.FEBRÚAR 2024





# ÁVARP

Hefur þú einhvern tímann horft til himins? Frá alda öðli hefur fólk horft aðdáunaraugum á himinhvolfið fyrir ofan okkur og velt fyrir sér undrunum sem þar leynast. Forfeður okkar tóku fljótt eftir því að fimm stjörnur skáru sig úr. Þær voru oftast bjartari en fastastjörnurnar og ferðuðust líka hægt og rólega yfir himinninn. Þess vegna voru þær kallaðar plánetur eða flakkarar.

Flakkar himinhvolfsins fengu nöfn guðanna. Sú sem geystist hraðast um himininn fékk nafn sendiboða guðanna, Merkúríus. Pléntan sem skein oftast skærast var réttilega nefnd Venus, eftir gyðju ástar og fegurðar. Blóðrauða plánetan var stríðsguðinn, sjálfur Mars. Stærsta plánetan, sem vakti næstum alltaf yfir jarðarbúum, var kölluð Júpíter, eftir æðsta guðinum. Sú sem fór hægst yfir var gulleit eins og korn og fékk því nafn landbúnaðar- og uppskerguðsins Satúrnusar. Þegar sjónaukinn kom til sögunnar fundust tvær aðrar plánetur. Úranus ber nafn himnaguðsins en Neptúnus nafn sjávarguðsins. Reyndar átti Úranus fyrst að heita Georg en það er önnur saga.

Pláneturnar eru gerólikar en gullfallegir og heillandi staðir. Á þeim leynast ótrúleg undur; heljarinnar stormar, hyl djúpir gígar, gljúfur og dalir og himinhá fjöll. Á þeim er ekki eitt stingandi strá, ekkert rennandi vatn, ekkert líf. Nema einni. Og þótt jarðarbúar hafi lokið fyrstu könnunarleiðöngurum sínum um pláneturnar eru þær enn sveipaðar mikilli dulúð. Við eigum enn ótalmargt ólært um systurhnetti okkar í geimnum.

*Viltu koma með í ferðalag um heima og geima?*

**Sævar Helgi Bragason**





# EFNISSKRÁ

## PLÁNETURNAR EFTIR GUSTAV HOLST


### Tónskáld | Gustav Holst

Enska tónskáldið Gustav Theodore Holst fæddist inn í fjölskyldu tónlistarfólks þann 21. september árið 1874 í Cheltenham í Gloucestershire. Hann er þekktastur fyrir hljómsveitarsvítu sína, The Planets, og þótt hann hafi samið mörg önnur verk náði ekkert þeirra sambærilegum vinsældum og Pláneturnar.

Snemma varð ljóst að Holst myndi feta í fótspor fyrri kynslóða og leggja tónlistina fyrir sig. Þegar draumur hans um að verða píanóleikari varð úti vegna taugabólgu ákvað hann að stefna á feril sem tónskáld og stundaði nám við Royal College of Music undir handleiðslu Charles Villiers Stanford. Ýmsir höfðu áhrif á eintakan stíl Holst en mest þó Richard Wagner og Richard Strauss. Einnig ensku þjóðlögin og tónskáld á borð við Maurice Ravel sem urðu til þess að hann þróaði og betrumbætti stíl sinn.

Verk Holsts vöktu strax athygli en það var ekki fyrr en með velgengni Plánetanna, á fyrstu árunum eftir fyrri heimstyrjöldina, að hann hlaut alþjóðlega viðurkenningu. Sviðsljósið og athyglin átti ekki vel við hann þar sem hann vildi helst fá að vera í friði til að semja og kenna. Vinsældir hans dvínuðu því en engu að síður setti hann sín spor á feril fjölda yngri enskra tónskálda, til að mynda Edmund Rubbra, Michael Tippett og Benjamin Britten og auðvitað kvikmyndatónskáldið John Williams en tónlistin úr Star Wars var undir miklum áhrifum frá Plánetunum.


Hugmynd Holst að Plánetunum er talin hafa komið til vegna áhuga hans á stjörnuspeki. Hann hóf að semja verkið árið 1914. Fyrsti hlutinn var Mars en árið 1915 voru allir hlutar fullgerðir.



### **Hljómsveitarstjóri | Bjarni Frímann Bjarnason**

Bjarni Frímann stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur og lauk prófi í víóluleik frá Listaháskóla Íslands. Árið 2009 bar hann sigur úr bítum í einleikarakeppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og lék í framhaldinu víólukonsert Bartóks með sveitinni á tónleikum. Hann lærði hljómsveitarstjórn við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Hann hefur stjórnað flestum hljómsveitum á Íslandi við ýmis tækifæri og auk þess löngum lista erlendra hljómsveita. Þar má nefna Útvarpshljómsveitina í Berlín, Hallé-hljómsveitina í Manchester, Kammersveitirnar í Árósum og Bergen, Þrándheimssólistana, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles og Tbilisi og hljómsveit Colónóperuhússins í Buenos Aires. Bjarni hefur frumflutt hátt í tvö hundruð íslensk tónverk, bæði sem stjórnandi og einleikari. Hann hefur sjálfur samið tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir bæði héraendis og erlendis. Bjarni Frímann hefur um árabil komið víða fram sem píanóleikari með söngvurum og sem kammertónlistarmaður, m.a. í Berlínarfilharmóníunni, Wigmore Hall og Konzerthaus í Vínarborg. Bjarni Frímann hefur gegnt embætti tónlistarstjóra Íslensku óperunnar frá 2017. Þá gegndi hann stöðu aðstoðarhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2018–2021. Árið 2017 stofnaði hann kammersveitina ELJU ásamt framvarðarsveit ungra hljóðfæraleikara og hefur stýrt henni síðan við góðan orðstír.






### Sævar Helgi Bragason

Sævar Helgi Bragason, stundum kallaður Stjörnu-Sævar, er vísindamiðlari og alþýðufræðari með bakgrunn í jarðfræði og stjörnufræði. Hann hefur áralanga reynslu af því að kenna fólki á öllum aldri stjarnvísindi, allt frá leikskólabörnum og leiðsögufólki upp í framhaldsskólanemendur. Sævar er tíður gestur í útvarpi og sjónvarpi til að tala um vísindi almennt fyrir börn og fullorðna og hefur jafnframt verið umsjónarmaður sjónvarpsþátta um vísindi og umhverfis- og loftslagsmál. Hann er höfundur fjölda boka um vísindi fyrir börn og fullorðna og var nýjasta bók hans, Hamfarir, tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barnabóka.

Það sem Sævari finnst skemmtilegast er að horfa upp í stjörnubjartan himin og sýna öðrum undur alheimsins, hvort sem er með berum augum eða í gegnum stjörnusjónauka. Hann starfar dags daglega hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs og sinnir ýmsu öðru í hjáverkum, svo sem segulmælingum í Segulmælingastöðinni í Leirvogi, fræðsluverkefnum fyrir Háskóla Íslands og dagskrárgerð, svo fátt eitt sé nefnt.

Sævar hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, til að mynda frá Rannís fyrir framúrskarandi vísindamiðlun og -fræðslu og íslenskuviðurkenningu frá Íslenskri málnefnd.

Sævar er fæddur 17. apríl árið 1984 í Reykjavík. Hann heillaðist ungur að árum af stjörnufræði og náttúrunni. Þegar hann sá Satúrnus í fyrsta sinn í gegnum sjónauka hófst ævilöng ástriða fyrir alheiminum og næturhimninum. Uppáhaldsplánetan hans er að sjálfsögðu Jörðin.





# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri sinfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins. Frábær árangur hljómsveitarinnar ber vitnisburð um að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.





## 1. fiðla

Greta Salóme Stefánsdóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Pétur Björnsson  
Karl James Pestka  
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir  
Íris Dögg Gísladóttir  
Chrissie Thelma Guðmundsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir

## 2. fiðla

Margrét Þorsteinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir  
Vigdís Másdóttir  
Tomasz Kolosowski  
Sólrún Svava Kjartansdóttir  
Marika Alavere  
Júlíana Valborg Þórhallsdóttir  
Katrín Róbertsdóttir  
Lilja Gull Ólafsdóttir  
Viktoría Sól Hjaltadóttir

## Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Svava Bernharðsdóttir  
Margrét Hjaltsted  
Eydís Úlfarsdóttir  
Helga Björg Kjartansdóttir

## Selló

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir  
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir  
Ásdís Arnardóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Helga Ágústsdóttir

## Bassi

Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Þórir Jóhannsson  
Jacek Karwan  
Elías Dýrfjörð

## Horn

Kjartan Ólafsson  
Rakel Björt Helgason  
Emil Friðfinnsson  
Joe Ognibene

## Flauta

Katrín Heymann  
Una Björg Hjartardóttir  
Petrea Óskarsdóttir

## Klarinett

Ármann Helgason  
Helga B Arnardóttir  
Michael Weaver

## Óbó

Matthías Birgir Nardeau  
Össur Ingi Jónsson  
Gillian Haworth

## Fagott

Dagbjört Ingólfisdóttir  
Emilía Rán Benediktsdóttir  
Brjánn Ingason

## Trompet

Vilhjálmur Sigurðarson  
Jóhann Stefánsson  
Sóley Björk Einarsdóttir

## Básúna

Carlos Caro Aguilera  
Oddur Björnsson  
David Bobroff

## Túba

Helgi Svavarsson

## Pákur

Emil Þorri Emilsson

## Slagverk


Þorvaldur Halldórsson  
Hjörleifur Örn Jónsson  
Kjartan Guðnason

## Harpa

Sólveig Thoroddsen  
Llywelyn Ifan Jones

## Celesta

Alexander Edelstein







# Stjórnin & Sinfonia Nord

HOF 28. MARS 2024